


# af Iðnsýningunni 1966



Jón Oddsson virðir fyrir sér hurðarskrána, sem er í sýningarstúku Hédins.

Vélsmiðjan Hédinn:

## Framleitt allt frá litlum ventlum upp í síldarverksmiðjur

Vélsmiðjan Hédinn í Reykjavík er eitt af elztu vélaframleiðslufyrirtækjum landsins og selur framleiðslu sína víða um land, og hefur nýlega hafið framleiðslu fyrir markað erlendis. Hédinn er með sýningar-

stúku í anddyri Sýningarhallarinnar, og þar hittum við að máli Jón Oddsson, verkstjóra í Hédni. Við spyrjum hann fyrst um framleiðslu fyrirtækisins.

— Hédinn framleiðir vindur

alls konar fyrir báta, frystivélar (bæði stimpilvélar og sjaldvélar), ísvélar, en þær eru af tveim stærðum, 8 og 20 tonna. Flest frystihús á landinu eru með ísvélar af þessum stærðum. Framhald á bls. 3.

Ljósvirki:

## Töfluskápar fyrir stórhýsi

Tökennileg rafmagnstæki skápar með tenglum og rofum eða hvað það nú allt heitir. Yfir stúkunnni stendur: Ljós- virki. Þetta eru töfluskápar, segir umsjónarmaður stúkunnar, Ari Jónsson. Þetta er fyrir verksmiðjur og stærri hús og er eins konar safntafla fyrir allt húsið, kemur í stað margra

smærri rafmagnstaflna, sem annars þyrftu að vera.

— Er þetta alveg nýtt fyrirtæki?

— Þetta er nýtt nafn á því, það hét áður Rönning, en það urðu eigendaskipti í fyrra. Rönning er hins vegar upphaflega deild í Johan Rönning, sem er eins og kunnugt er mjög

gamalt fyrirtæki.

— Þetta er alhliða rafmagnsfyrirtæki, annast hvers konar raflagnir í hús, skip o.þ.u.l. Þessir töfluskápar, af ýmsum stærðum, eru hins vegar fram-

Framhald á bls. 3.



Ari Jónsson framan við töfluskápana.

O. Johnson & Kaaber:

## Ný kaffibrennsla á næstunni

Það gæti víða skemmtilegar hugkvæmni í uppsetningu sýningararmuna og fyrirtækin reyna að sjálfsögðu eftir fremsta megni að klæða framleiðslu sína þeim umbúðum að hún laði gesti að. — Þannig veur kannu, sem stendur að því er virðist í lausu lofti í einni sýningarstúkunnni athygli blaðamanns. Kannan er ekki í neinum tengslum við þann flöt,

sem hún stendur á, utan hvað úr henni bunar kaffi í sífellu.

Þetta er stúka Kaffibrennslu O. Johnson og Kaaber h.f. og þar ræður ríkjum ungur maður, starfsmaður fyrirtækisins, Páll Stefánsson.

Páll verður fúslega við þeirri beiðni að svara forvitni blaðamanns varðandi þróun og starf fyrirtækisins:

Framhald á bls. 3.



Páll Stefánsson við hliðina á galdrakönnunni í stúku O. J. & Kaaber.

Belgjagerðin og Skjólfatagerðin:

## Tjöld framleidd í ár úr 70 km. af efni

Í sýningarbás Belgjagerðarinnar og Skjólfatagerðarinnar hittum við fyrir eigendur fyrirtækjanna, þá bræður Guðmund og Valdimar Jónssyni.


— Þetta er fjölskyldufyrirtæki, sögðu bræðurnir. Stofnaði faðir okkar, Sigurður Jón Guðmundsson, Belgjagerðina fyrir um 35 árum, en þá framleiddi

fyrirtækið næstum eingöngu lóða- eða netabelgi. En tímarnir breytast og verða fyrirtækin að breytast með þeim. Línuveiðar hafa dregið saman, en auk þess komu á markaðinn samkeppnishæfari belgir úr plasti og var þá lögð niður framleiðsla á belgjum hjá fyrirtækinu.

Áður en það gerðist vorum

við byrjaðir að framleiða skjól- og vinnufatnað og alls kyns sportfatnað og hefur höfuðáherzla verið lögð á þá framleiðslu síðan. Skjólfatagerðin var stofnuð til að framleiða fatnaðinn sem eru aðallega kuldaúlpur, vinnuföt og sportfatnaður, en Belgjagerðin fram-

Framhald á bls. 3.



Við stúku Belgja- og Skjólfatagerðarinnar. Frá vinstri: Guðmundur Jónsson, Pálína Kristinsdóttir og Valdimar Jónsson.